



Sjúkrahúsið á Akureyri

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Desember 2017

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Viðbrögð við fyrri ábendingum.....	5
4	Fjárheimildir og rekstur	6
	4.1 Fjárheimildir	6
	4.2 Rekstrarátætlun.....	6
5	Innra eftirlit.....	7
	5.1 Inngangur	7
	5.2 Eftirlitsumhverfið	7
	5.3 Bókhalds- og launavinnsla.....	7
	5.4 Niðurstöður	7
6	Fylgni við lög og reglur.....	8
	6.1 Inngangur	8
	6.1.1 Opinber innkaup	8
	6.1.2 Virðisaukaskattur	8
	6.2 Niðurstöður	8
7	Endurskoðun rekstrarliða	9
	7.1 Tekjur	9
	7.2 Laun og launatengd gjöld.....	9
	7.3 Almenn rekstrargjöld, viðhald fasteigna og eignakaup	9
	7.4 Niðurstöður	10
8	Endurskoðun efnahagsliða	11
	8.1 Eignir	11
	7.1.1 Birgðir.....	11
	7.1.2 Ríkissjóður.....	11
	7.1.3 Skammtímakröfur , aðrar.....	11
	7.1.4 Handbært fé.....	11
	8.2 Eigið fé og skuldir	12
	8.2.1 Höfuðstóll	12
	8.2.2 Annað eigið fé	12
	8.2.3 Skammtímaskuldir	12
	8.3 Niðurstöður/ábendingar	12
9	Önnur atriði	13
	9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda	13
	9.2 Óhæðisyfirlýsing.....	13

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Sjúkrahússins á Akureyri (SAk) fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi sjúkrahússins sem fært er í sameiginlegu bókhalds- og upplýsingakerfi ríkisins. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningar SAk hafa verið reglulega til skoðunar undanfarin ár, síðast á árinu 2016 vegna ársins 2015.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings SAK fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda. Sjúkrahúsið fylgir þeim lögum og reglugerðum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald.

Í áritun okkar kemur fram það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Sjúkrahússins á Akureyri 31. desember 2016, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

3 Viðbrögð við fyrri ábendingum

Í endurskoðunarbréfi dagsettu 27. apríl 2016 komu fram eftirfarandi ábendingar:

- SAK hefur ráðstafað fjárveitingum sem ætlaðar voru til viðhalds og stofnkostnaðar til reksturs sjúkrahússins.
- SAK hefur hvorki fært gjafir til Sjúkrahússins í bókhaldi eða á eignaskrá Sjúkrahússins eins og ber að gera.

Þessi atriði voru tekin sérstaklega fyrir við fjárhagsendurskoðun að þessu sinni og farið yfir viðbrögð SAK við ofangreindum ábendingum.

3.1 Viðbrögð SAK

„Gjafafé sem ætlað er sjúkrahúsinu er fært til bókar hjá Gjafasjóði sjúkrahússins á Akureyri sem er með eigin kennitölu og starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Tækifærisgjafir sem sjúkrahúsinu berast frá gjafasjóði eða öðrum aðilum hafa ekki verið færðar í bókhald eða eignaskrá en stofnunin hyggst bæta úr því á árinu 2017.“

4 Fjárheimildir og rekstur

4.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum ársins 2016 til SAK nam 6.372,0 m.kr. Fjárheimildir jukust um 50,0 m.kr. með fjárukalögum og var hækkunin vegna ákvörðunar stjórnvalda að festa í sessi forgangsröðun framlaga til heilbrigðismála framar öðrum málum. Auk þess hækkuðu fjárheimildir um 162,6 m.kr. vegna millifærðra fjárheimilda frá öðrum fjárlagaliðum og munar þar mest um 81,3 m.kr. vegna átaksverkefnis um styttingu biðlista, 50 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn sjúkrahússins, 10,0 m.kr. til að koma í framkvæmd aðstoð og meðferð við þolendur ofbeldis og 21,3 m.kr. vegna lyfjasérfræðigrunnis. Fjárheimildir ársins 2016 urðu því samtals 6.584,6 m.kr. miðað við 6.077,5 m.kr. á fyrra ári sem er hækkun um 507,1 m.kr. eða 8,3%.

Rekstrargjöld, að frádrögnum tekjum, námu samtals 6.617,8 m.kr. og urðu því 33,2 m.kr. eða 0,5% yfir fjárheimildum ársins 2016. Rekstrargjöld umfram tekjur hækkðu milli ára um 531,8 m.kr. eða 8,8%.

Í m. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	-694,4	-694,4	-907,7	213,3	-756,7
Launagjöld	5.195,2	5.326,1	5.424,6	-98,5	4.895,7
Önnur rekstrargjöld	1.456,2	1.537,9	1.706,0	-168,1	1.485,4
Meiriháttar viðhald					
fast eignar	221,0	221,0	215,4	5,6	203,2
Eignakaup og stofnkostnaður	194,0	194,0	179,5	14,5	258,4
Samtals	6.372,0	6.584,6	6.617,8	-33,2	6.086,0

4.2 Rekstraráætlun

Rekstraráætlun SAK fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins (Orra) og reglulega er farið yfir frávik frá rekstraráætlun. Ríkisendurskoðun telur að gerð og eftirlit með rekstraráætlun sé í góðu lagi hjá SAK.

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

5.2 Eftirlitsumhverfið

Eftirlitsumhverfið hjá SAK er almennt gott. Fyrir liggja skráðar og óskráðar verklagsreglur um innra eftirlit á flestum sviðum. Athuganir hafa leitt í ljós að almennt er farið eftir settum reglum.

5.3 Bókhalds- og launavinnsla

Fjárhagskerfi ríkisins (Orri) er notað fyrir bókhalds- og launavinnslu. Útgjaldareikningar eru samþykktir til greiðslu hjá stofnuninni og launavinnsla fer í gegnum launakerfi ríkisins. Verkaskipting er milli þeirra sem sjá um samþykkt útgjalda og þeirra sem sjá um greiðslu þeirra. Haldið er skipulega utan um launagögn fyrir hvern starfsmann.

Aðrir þættir sem stuðla helst að innra eftirliti eru stjórnskipulag stofnunarinnar, áætlunargerð, reglur um samþykki reikninga, dagleg uppgjör tekna og talning sjóðs, gerð ráðningarsamninga, notkun launakerfis ríkisins, afstemmingar bankareikninga, eftirlit með útistandandi kröfum, afstemmingar viðskiptaskulda og gerð eignaskrár.

5.4 Niðurstöður

Ríkisendurskoðun telur innra eftirlit ásættanlegt en innra eftirlit og virkni þess er á ábyrgð stjórnenda. Aðgreining mikilvægra starfa sem lúta að samþykkt útgjalda og þeirra sem sjá um bókhald eða greiðslu gjalda er tryggð.

6 Fylgni við lög og reglur

6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga, annarra laga, lögmæt fyrirmæli, rekstrarverkefni og starfsvenjur þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlanir í kafla 4.

6.1.1 Opinber innkaup

Verklagsreglum um innkaup fyrir stofnunina er fylgt og reglum ríkisins um notkun rammisamninga Ríkiskaupa er fylgt þar sem við á.

6.1.2 Virðisaukaskattur

SAK er ekki með virðisaukaskylda starfsemi en það á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts af ákveðinni aðkeyptri þjónustu og fylgir það reglum þar um.

6.2 Niðurstöður

SAK fylgir almennt lögum og reglum sem gilda um fjárreiður og bókhald hjá ríkisstofnunum.

7 Endurskoðun rekstrarliða

7.1 Tekjur

Sértekjur ársins 2016 námu 907,7 m.kr. og hækkuðu um 151,0 m.kr. frá fyrra ári eða 20,0%. Við endurskoðunina voru tekjur bornar saman milli ára og helstu frávik greind. Hækkunin stafar fyrst og fremst af þátttöku SAK í styttingu á biðlistum en auk þess voru tekjur vegna erlendra ferðamanna mun meiri en á árinu á undan. Þá hafði verkfall heilbrigðisstarfsmanna áhrif á tekjur ársins 2015. Við endurskoðunina var ákveðnum spurningum beint til stofnunarinnar og er endurskoðun okkar án athugasemda.

7.2 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 5.424,6 m.kr. og hækkuðu milli ára um 528,9 m.kr. eða 10,8%. Farið var yfir laun og var hækkunin greind. Ársverk voru 471,2 og fjölgaði um 13,5 frá árinu á undan eða um 2,9%. Endurskoðunin leiddi í ljós að hækkun launa má einkum rekja til kjarasamninga og fjölgunar stöðugilda en fjölgun þeirra má m.a. rekja til biðlistaátaksins. Stofnanasamningar einstakra félaga höfðu einnig áhrif á hækkun launa.

Við endurskoðunina voru laun starfsmanna skoðuð með úrtaki af launalista. Endurskoðunin var án athugasemda.

7.3 Almenn rekstrargjöld, viðhald fasteigna og eignakaup

Almenn rekstrargjöld, viðhald fasteigna og eignakaup námu samtals 2.100,9 m.kr. og hækkuðu milli ára um 153,9 m.kr. eða 7,9%. Við endurskoðunina voru gjöldin borin saman á milli ára og leitað skýringa á frávikum. Endurskoðunin leiddi í ljós að hækkun gjalda átti sér einkum stað í almennum rekstrargjöldum en þau hækkuðu um 220,6 m.kr. eða 14,8% og hækkun á viðhaldi fasteigna sem hækkaði um 12,2 m.kr. eða 6,0%. Eignakaup lækkðu hins vegar milli ára um 78,9 m.kr. Hækkun almennra rekstrargjalda má einkum rekja til biðlistaátaksins en hækkun meiri háttar viðhalds stafaði af þakbyggingu á C-álmu, endurbótum á rannsóknadeild, skurðlækningadeild og geðdeild.

Við endurskoðunina var farið skipulega yfir kostnaðartegundir bókhaldsins og hreyfingar skoðaðar með tilliti til þess hvort kostnaður væri í samræmi við eðli stofnunarinnar og að hann væri bókfærður á réttar kostnaðartegundir og rétt viðföng. Þá var valið úrtak til skoðunar. Fylgiskjöl voru skoðuð eftir þörfum í því sambandi. Ábendingar voru óverulegar en stofnunin gerði þegar í stað viðeigandi leiðréttingar á bókhaldinu vegna þeirra. Endurskoðun annarra gjalda var án athugasemda.

Við síðustu endurskoðun var stofnuninni bent á að gjafir á tækjum og búnaði til sjúkrahúsa ber að færa sem tekjur og sem eignakaup hjá sjúkrahúsum. Endurskoðunin leiddi í ljós að móttekna gjafir í formi tækja höfðu hvorki farið í gegnum bókhald SAK né eignaskrá. Ekki hefur verið bætt úr þessum annmarka þrátt fyrir fyrirheit um að úr þessu yrði bætt á árinu 2016. Ástæða þess er að eignaskráin var lokuð allt árið vegna vinnu við breytingar á henni hjá FJS vegna nýrra laga um opinber fjármál

Meðal eignakaupa eru greiðslur vegna rekstrarleigusamninga röntgentækja, sem hefðu átt að færast sem rekstrarleiga.

7.4 Niðurstöður

Ríkisendurskoðun gerir almennt ekki athugasemd við rekstrarliði.

8 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir 328,3 m.kr., skuldir námu 334,0 m.kr. og eigið fé var neikvætt um 5,7 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Veltufjármunir	328,3	324,7	3,6
Eignir alls	328,3	324,7	3,6
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	-33,1	-74,9	41,8
Annað eigið fé	27,4	27,4	0,0
Eigið fé alls	-5,7	-47,5	41,8
Skammtímaskuldir	334,0	372,2	-38,2
Eigið fé og skuldir alls	328,3	324,7	3,6

8.1 Eignir

8.1.1 Birgðir

Verðmæti vörubirgða í árslok 2016 nam 48,8 m.kr. Starfsmenn sjúkrahússins töldu birgðir og var birgðastaðan í ársreikningi 2016 í samræmi við talninguna en birgðir voru metnar á kostnaðarverði.

8.1.2 Ríkissjóður

Inneign hjá ríkissjóði nam 131,1 m.kr. í árslok 2016 og hafði hækkað um 52,8 m.kr. frá fyrra ári. Hækkunin stafar einkum af því að greiðslur úr ríkissjóði voru lægri en framlög úr ríkissjóði gerðu ráð fyrir.

8.1.3 Skammtímakröfur, aðrar

Í árslok 2016 námu skammtímakröfur 111,6 m.kr. Þar af námu almennar viðskiptakröfur 99,5 m.kr. og aðrar kröfur 12,1 m.kr.

Við endurskoðunina voru almennar kröfur aldursgreindar og gengið úr skugga um aðrar kröfur, svo sem endurgreiddan virðisaukaskatt að fjárhæð 4,3 m.kr. og útistandandi kreditkort að fjárhæð 7,8 m.kr. væru greidd á árinu 2017. Endurskoðun útistandandi krafna var án athugasemda.

8.1.4 Handbært fé

Handbært fé í árslok 2016 nam 36,8 m.kr. og fólst það í bankainnstæðum og sjóðum hjá deildum sjúkrahússins. Samræmi var milli stöðu bókhalds og bankayfirlita í árslok 2016 og sjóðir í bókhaldi voru í samræmi við talningu í árslok 2016.

8.2 Eigið fé og skuldir

8.2.1 Höfuðstóll

Í árslok 2017 var höfuðstóll SAK neikvæður um 33,1 m.kr. eða sem nam rekstrarhalla ársins 2016 en rekstrarhalla eldri ára að fjárhæð 75,0 m.kr. var að fullu jafnaður með lokafjárlögum.

8.2.2 Annað eigið fé

Annað eigið fé nam 27,5 m.kr. og er það vegna framlags til eignamyndunar í birgðum.

8.2.3 Skammtímaskuldir

Í árslok 2015 námu skammtímaskuldir 334,0 m.kr. og lækkuðu um 38,2 m.kr. frá fyrra ári. Meðal helstu skulda voru ógreidd gjöld í árslok eða 248,7 m.kr. og ógreidd laun 85,5 m.kr.

8.3 Niðurstöður/ábendingar

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemd við bókfærslu, mat og framsetningu efnahagsliða.

9 Önnur atriði

9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ber okkur að afla staðfestingarbréfs frá stjórnendum um að ársreikningurinn innihaldi allar viðeigandi upplýsingar. Við höfum fengið staðfestingarbréf, undirritað af forstöðumanni, dagsett 22. maí 2017.

9.2 Óhæðisyfirlýsing

Óhæði er skilgreint í siðareglum Ríkisendurskoðunar og þeim reglum sem gilda um óhæði á Íslandi. Starfsmenn Ríkisendurskoðunar hafa staðfest óhæði sitt vegna endurskoðunar hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is